

7. gr.

82

Þá er sjóðurinn er orðinn 1200 krónur má hætta að bæta við hann nokkru af ársvöxtum hans og skal sýslunefndinni þá heimilt að verja nokkru af vöxtunum, árlega eða með nokkurra ára fresti, til styrks handa efnilegum, ungum manni til landbúnaðarnáms erlendis.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Gert á Ísafirði (²⁹/₁₂ 1905) 24. júlí 1909.

Eftir umboði hins fyrverandi sparisjóðs á Ísafirði.

Þorvaldur Jónsson. Árni Jónsson. Þorvaldur Jónsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir jarðakaupasjóð Ísafjarðarkaupstaðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 29. apríl 1910.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

83

29. apríl

fyrir jarðakaupasjóð Ísafjarðar.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 6000 kr. — sex þúsund krónur — í bankavaxtabréfum með vaxtamiðum frá 1. júlí 1905, er hinn fyrverandi sparisjóður á Ísafirði hefir gefið Ísafjarðarkaupstað nefndan dag af viðlagasjóði sínum.

2. gr.

Undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands hefir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á hendi stjórn sjóðsins, sér um geymslu bankavaxtabréfanna og annara verðbréfa sjóðsins, sem og ávöxtun hans og sölu á verðbréfum, þegar til þess kemur, og gætir þess að sjóðurinn sé ávalt áreiðanlega trygður, og ákvarðanir skipulagsskrár þessarar séu uppfyltar. Hún semur árlega reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins og birtir hann í Stjórnartíðindunum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta með því að kaupa fyrir hann bankavaxta-bréf eða önnur verðbréf eins vel trygð, eða með því að lána hann út gegn veði í fasteign eftir sömu reglum sem Landsbankinn og útbú hans fylgja, er þau veita lán gegn fasteignarveði.

4. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er ætlaður til þess að kaupa fyrir hann handa kaupstaðnum jarðeignir við Skutulsfjörð. Þær jarðeignir, sem þannig eru keyptar, má aldrei veðsetja og ekki heldur selja öðrum en kaupstaðabúum, og þá aðeins á erfðafestu.

5. gr.

Vextina af sjóðnum skal leggja við höfuðstól hans þangað til hann er orðinn svo stór, að fyrir $\frac{4}{5}$ hluta hans má kaupa alla jörðina Kirkjuból í Eyrarhreppi, en þá er bæjarstjórninni heimilt, ef hún samþykkir það með $\frac{5}{7}$ atkvæða á tveimur bæjarstjórnarfundum, með mánaðar millibili, að verja $\frac{4}{5}$ hlutum sjóðsins til að kaupa téða jörð, Kirkjuból, alla handa kaupstaðnum.

6. gr.

Það, sem þá er eftir af sjóðnum, er jörðin Kirkjuból er öll orðin eign kaupstaðarins, skal ávaxta framvegis á sama hátt, unz sjóðurinn er orðinn svo stór, að fyrir hann má kaupa jarðirnar Tungu og Hafrafell í Eyrarhreppi, ef bæjarstjórnin samþykkir það á þann hátt, sem ákveðið er í næst undanfarandi grein um Kirkjuból.

7. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt, ef hún ályktar það á þann hátt sem segir í 5. gr., að verja alt að $\frac{2}{3}$ sjóðsins, áður en hann er orðinn eins stór eins og gert er ráð fyrir í sömu grein, til að kaupa svonefnda Skipeyri alla með hliðinni upp af henni og fyrir utan hana út að landamerkjum Arnardals með Naustum, og það jafnvel þó Kirkjuból haldi hagagöngurétti í hliðinni fyrir sauðfé. Síðan ávaxtast sjóðurinn áfram þangað til keypt verður fyrir hana öll jörðin Kirkjuból, eins og segir í oftnefndri grein.

8. gr.

83

Bæjarstjórninni skal heimilt að verja nokkru af sjóðnum til annara jarða-^{29. apríl} kaupa í Skutulsfirði áður en Kirkjuból sé keypt, ef hún samþykkir það á sama hátt og 5. gr. segir fyrir.

Gert á Ísafirði (²⁹/₁₂ 1905) 24. júlí 1909.

Eftir umboði hins fyrverandi Sparisjóðs á Ísafirði

Þorvaldur Jónsson.

Arni Jónsson.

Þorvaldur Jónsson.

Skipulagsskrá

84

14. maí

fyrir Skólasjóð gagnfræðaskólans á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir *Skólasjóður gagnfræðaskólans á Akureyri* og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, og skal varið skólanum til stuðnings og eflingar.

2. gr.

Nemendur gagnfræðaskólans, er heimavist hafa, skulu greiða 6 kr., en allir aðrir nemendur 1 kr. árlega í sjóðinn. Gjald þetta greiðist að haustinu um það leyti að skóli er settur.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands eða á annan fulltryggilegan hátt. Skólameistari er sjóðvörður. Hann innheimtir tillög og kemur fé sjóðsins á vöxtu. Hann semur ársreikning sjóðsins og skal hann lagður fyrir kennarafund til endurskoðunar og úrskurðar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helmingnum af venjulegum árstekjum hans má árlega verja samkvæmt tilgangi hans. Í desembermánuði ár hvert semur skólameistari tillögur um það, hversu sjóðnum skuli varið næsta ár, og leggur þær fyrir kennarafund til meðferðar og úrslita. Tillögurnar skulu síðan sendar stjórnarráðinu til samþykkis.